

Skýrsla Sjálfsbjargar Fjallabyggð fyrir 2022

Starf Sjálfsbjargar hófst með hefðbundnum hætti eins og önnur ár. Við hittumst með þrjónaskapinn, útsaumið og gerðum að gamni okkar.

Þann 7. janúar hittist stjórnin og samþykkti að veita litlu kríli hér í Fjallabyggð styrk vegna veikinda fyrir 150.000 kr.

Lokað var í viku vegna covid, hittumst við svo glöð og kát að því loknu.

Svo rann öskudagurinn upp, það kom hópur barna til að syngja fyrir okkur og það var alveg yndislegt.

Ekki var mikið um boðaða stjórnafundi hjá okkur, stjórnin er svo oft bara eftir á daginn og þá eru málin rædd.

Aðalfundurinn var haldinn 1.apríl og var hann vel sóttur. Kosið var um hverjir myndu mæta á Landsfundinn fyrir okkar hönd.

Húsið var málað að framan í sumar. Við fengum góðann mann í það verk og fær hann innilegar þakkir fyrir.

Laugardaginn 27.ágúst var svo Rampdagurinn og buðum við uppá kaffi og vöffur fyrir alla sem droppuðu inn.

Margrét og Ósk komu að sunnan þann 1. nóvember og litu við hjá okkur. Þær kynntu sér starfið okkar og spjölluðu um daginn og veginn. Þeim fannst virkilega flott það sem við erum að gera.

Litlu jólin okkur voru haldin 9. desember og var glatt á hjalla.

Á árinu komu til okkar 2600 manns.

Við misstum einn féлага, blessuð sé minning hennar.

Ein sem hætti.

Fyrir hönd Sjálfsbjargar Fjallabyggð

Formaður: Hafdís Eyland Gísladóttir